STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1999

15. mars 1999 463 Nr. 162

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum norðvestur af Eldey.

1. gr.

Frá og með 16. mars 1999 til og með 30. apríl 1999 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu og dragnót óheimilar á svæði norðvestur af Eldey, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°46,00'N - 23°18,00'V
2. 63°44,50'N - 23°05,00'V
3. 63°50,00'N - 22°53,50'V
4. 63°50,00'N - 23°18,00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 162. Útgáfudagur 15. mars 1999.

Gutenberg